

skáldaleyfi til að breyta atburðarásinni þegar honum hentar. Hann verður að vera trúur textanum og geta sett sig inn í hugarheim höfundarins án þess þó að leyfa eigin túlkun að villa sér sýn.

Hvernig kemurðu blæbrigðum stærsta málsvæðis veraldar til skila á íslensku? Hvaða orð velurðu til að yfirfæra tungutak blökkukvenna í Suðurríkjunum yfir á íslenskar aðstæður? Hvernig þýðirðu blæbrigði indverskrar ensku yfir á okkar ást-kæra ylhýra? Starf þýðandans er endalaus glíma við þrautir af þessu tagi.

Góður þýðandi verður því ekki aðeins að búa yfir yfirburðabekkingu á upprunamálinu og hafa fullkomið vald á íslenskrari tungu og ritstífl, heldur þarf hann einnig að hafa frjótt myndunarafli og skáldagáfu. Ólöf bjó yfir öllum þessum eiginleikum eins og þýðingar hennar vitna um.

Ég var talsvert heima hjá Ólöfu og Stefáni sem barn, enda vorum við Hallur góðir félagar. Mér þótti alltaf mikil hátíð að fá að gista hjá þeim og gat alltaf treyst á að vel yrði gert við gestinn. Eftírminnilegasta minningin er þó þegar ég fór með Ólöfu, Stefáni, Halli og Halldóru ömmu okkar á sumardvalarstað á slóðum Hróa hattar í Skírisskógi á Englandi. Það var mikil ævintýraferð fyrir okkur drengina, en auk vatnsrennibrautargröðsins, torfæruhjúlabrauta og bogfiminámskeiða gætti Ólöf þess vel að við frændur færum ekki á mis við þær miklu sögu- og menningarminjar sem þessar slóðir hafa að geyma. Ég man hvað Ólöf hélt samviskusamlega utan um farar-eyri mín, færði öll mín útgjöld nákvæmlega til bókar undir sérstökum dálki sem hún hafði merkt: „Úlfur eyðsluklúð.“

Seinna var ég svo heppinn að vinna á sama vinnustað og Ólöf í nokkur ár, hjá Máli og menningu við Laugaveg, þar sem ég vann sem bóksali í kjallaranum en hún var æðri störf á ritstjórninni. Ólöf hringdi alltaf í mig þegar ég átti afmæli og óskaði mér til hamingju. Ég held að mín hafi aldrei mist úr afmælisdag. Það verður undarlegt að upplifa næsta afmæli án þess að fá upphringingu frá henni.

Ég kveð þig með söknuði, sorg og dálitlum trega í hjarta, elsku Ólöf. Þakka þér fyrir allt. Minning þín lifir.

Úlfur Eldjárn.

Í dag kveðjum við með söknuði Ólöfu Eldjárn, eða ömmu Ólöfu eins og við kölluðum hana.

Kynni okkar af Ólöfu og Stefáni hófust þegar dóttir okkar Elma og Stefán Hallur sonur þeirra hófu samvistir árið 2002. Saman eiga þau Ágúst Breka, sem nú er að hefja nám í sjöunda bekk.

Saman höfum við notið þess að fylgjast með Ágústi Breka taka sín fyrstu skref, segja sín fyrstu orð, hefja leikskólagöngu og grunnskólagöngu og verða að þeim heilsteyptra dreng sem hann er. Það er ekki síst Ólöfu og Stefáni að þakka og því hversu natin þau voru við að styðja við uppeldið á honum.

Á hverju ári höfum við fengið frá þeim hjónum jólakort sem þau höfðu látið prenta með mynd eftir Ágústi Breka og kveðjan innihélt alltaf þessi orð í textanum „okkar sameiginlega“, en við nutum þess saman að fá að vera þátttakendur í uppeldi hans.

Það hefur verið einstakt að fylgjast með því hve samhent og alúðleg þau hafa verið í hlutverki sínu sem amma og afi drengsins okkar og verður Ólafar sárt saknað. Hún skilur eftir skarð sem ekki verður fyllt.

Við viljum með þessum orðum fá að þakka fyrir fallega vegferð og munum ylja okkur við góðar minningar um góða konu.

Megi allt gott styðja og

styrkja afa Stefán, Kristján, Davíð, Stefán Hall, Ágúst Breka og fjölskyldu hennar alla á þessum erfiðu tímum.

Ágústa og Ernst Backman.

Það var glaður hópur riflega 30 bekkjarfélaga úr Melaskóla sem ók heim að Stapa vorið 2010. Sól skein í heidi, jökullinn glóði og við fögnuðum því saman, J-bekkurinn, að líöin voru fimmtíu ár frá því við kvóddum skólann okkar – og ekki eitt skarð hafði myndast í þennan stóra og samheldna hóp. Ólöf stóð í hlaði og tók á móti okkur, tíguleg en aðeins hokin. Það var einhvern veginn fullkomið samræmi milli þessa virðulega og sögufæga húss sem nokkrar fjölskyldur höfðu endurreist á Arnarstapa og hennar Ólafar okkar Eldjárn húsráðanda.

Ólöf var einstök. Hún var klár, flott og skemmtileg og umfram allt frumleg. Aldrei venjuleg. Hún var með flottustu túberinguna, svartasta ælenerinn, í þrengsta pilsinu, og með slæðuna nákvæmlega á hökuroddinum svo ekki skeikaði millimetra – alltaf kúl. Við hinar urðum allar svo átakanlega venjulegar í samandráðinu. En hún var líka samviskusöm, hárnákvæm í öllum vinnubrögðum, minnug og traust. Fram til þessa hefur ekki brugðist að við vinir hennar fengjum kveðju á afmælisdaginn, hvar svo sem við eða hún vorum stödd í veröldinni, og það áratugum fyrir fésbókina.

Þjóðminjasafnið var æskuhheimili Ólafar, en íbúð þjóðminjavarðar var þá á jarðhæð hússins. Við krakkarnir læddumst þar stundum um dimma ganga í leit að ævintýrum en alltaf var húsinu og safnakostinum sýnd tilhlýðileg, nánast ótta-blandin virðing, Ólöf sá til þess. Því hún var nákvæmnismanneskja og stolt af starfsemi og starfi föður síns. Heimilið í Þjóðminjasafninu minnti að sumu leyti á menningarlegt sveitaheimili, það var einhvern veginn allt öðruvísi en önnur heimili í bænum. Heimilisfaðirinn gaf sér drjúgan tíma til að spjalla við okkur krakkana, rétt eins og við værum fullorðin fólk, meðan Halldóra bar á borð mjólk og kleinur fyrir allan skarann. Svo voru leikirnir heldur enginn venjulegur barnskapur; það voru samín leikrit og sett á svið, sýndar frumsamdar teiknimyndir og skuggamyndir úr tónum bóka og ljósaperu – endalaus sköpun og uppátæki.

Nokkur okkar fóru að hittast oft eftir því sem árin liðu, og nýir vinir og makar bættust í hópin. Við röltum saman um gömlu göturnar okkar úr uppveitinum og sögðum sögur af fólki og húsum. Vorum saman á Stapa hjá þeim Stebba og Ólöfu og héldum upp á sextugsafmælin með því að fara saman til Tenerife, og seinna var farið til Vínarborgar.

Undirbúningurinn fyrir ferðirnar, og myndakvöldin að þeim loknum, voru nýtt til fulls með óteljandi matarboðum og sameiginlegum stundum. Við áttum svo gott með að hlæja saman, og þá naut sín beittur, jafnvel órlítið kaldhæðinn húmorinn hennar Ólafar. Og þegar við hlógum sem mest að einhverri sögunni brást ekki að Ólöf, sá nákvæmi sagnaritari, léti í sér heyrta: Krakkar, þið verið að skrifa þetta niður!

Auðvitað skrifuðum við aldrei neitt en minningarnar lifa um góða félaga og trausta vini.

Ástríður Guðmundsdóttir, Dóra Bjarnason, Laufey Steingrimsdóttir, Daniel Teague, Páll Einarsson, Ingibjörg Briem.

● Fleiri minningargreinar um Ólöfu Eldjárn birtar í blaðinu næstu daga.

Gunnar Hjálmar Jónsson

† Gunnar Hjálmar Jónsson fæddist 17. mars 1929. Hann lést 13. ágúst 2016.

Gunnar fæddist á Brandsstöðum í Reykhólasókn. Síðar átti hann heima á Múla, Hallsteinsnesi og Hjalla, en þar ólst hann upp til 19 ára aldurs.

Foreldrar Gunnars voru Sigríður Akurrós Hjálmarsdóttir, f. 30. desember 1889, d. 10. október 1979, og Jón Nielsón, f. 11. maí 1896, d. 19. október 1986. Hálfystir Gunnars var Þórey Jónína Stefánsdóttir, f. 25. nóvember 1916, d. 3. desember 1996. Gunnar kvæntist Ólöfu Vilhjálmisdóttur Húnfjörð, f. 13. september 1928, d. 27. júní 2002, og eignaðist með henni soninn Geir, f. 10. apríl 1966. Geir er tónlistarkennari og býr í



Ástralíu. Geir á fjögur börn þau eru: 1) Hrafn Jökull tölvufræðingur, fæddur 25. júlí 1989, móðir hans er Bryndís Baldursdóttir. 2) Freyja Lisbeth Spear Gunnarsson jurtafræðingur, f. 11. júlí 1993, móðir hennar er Jennifer Anne Spear. 3) Isobel Maria Spear Gunnarsson listakona, f. 30. maí 1999, móðir hennar er Jennifer Anne Spear. 4) Ásdís Rína Brillian, f. 9. mars 2004, móðir Genevieve Swifte.

Gunnar og Ólöf bjuggu lengst af á Njálsgötu 27b, en slitu síðar samvistum. Fyrir átti Ólöf synina Jón Ólaf Þorsteinsson, f. 20. nóvember 1948, faðir Þorstein Bernt Sigurðsson flugumferðarstjóri, og Svein Gunnarsson, f. 25. nóvember 1951, faðir Gunn-

götu. Gunnar kenndi þá í fremur drungalegu bakhyssi neðan við íbúðarhúsið áður en Tónskóli Sigursveins eignaðist eigið húsnæði í Hellusundi.

Augnaráðið var skarplegt og vökult en einnig hlýlegt og einlægt. Ekki hvarflaði þá að mér að tæpum fjórutíu og sex árum síðar myndi ég sitja hjá mínum gamla meistara á Sjúkrahúsinu á Akureyri á hans hinstu stundu. Hann var orðinn lasur og banalegan var stutt. Fyrir það er ég þakklátur.

Eðli Gunnars var að sýna samkennd og góðvild öllum sem áttu við erfíðleika að glíma, en sagði aldrei frá því sjálfur nema ef á hann var gengið.

Ég naut tilsnagnar Gunnars öll mín unglingsár og hef átt vinnu síðan. Hann var afar gefandi kennari og sýndi forvitnum og áhugasömum nemanda ótakmarkaða þolinmæði og örlæti. Skuld mín við Gunnar er stór og kveð ég nú kæran læri-föður og náinn vin með auðmýkt og þakklæti í hjarta.

Afkomendum hans og öðrum vinum votta ég innilega samúð mína.

Arnaldur Arnarson.

Sumum er það gefið að geta slegið strengi af því líkri list að úr verða töfrar. Aðrir eru þeirri gáfu gæddir að sveipa þá töfrum sem á vegi þeirra verða. Slíkir menn eru lífskúnstnerar. Svo eru þeir sem jafnt vald hafa á strengjum hljóma sem mannlífs. Þeir eru töframenn alverunnar. Þessarar náttúru var Gunnar H. Jónsson.

Ég kveð hann ekki með harm í hjarta; hann var þreyttur og hvíldinni feginn. En ég trega þennan vin minn sem ráðhóllur var bæði mér og öðrum, auk þess sem hann var svo innilega laus við að fara trúðnar slóðir að honum hefði sennilega verið um megn að rata þær.

Ég hygg að ekki sé fjarri lagi að halda því fram að lífið hafi verið Gunnari alvara í gamansömu ljósi.

Enn minnst ég okkar fyrstu

ar Reynir Sveinsson tónlistarmaður. Þegar Gunnar kom til Reykjavíkur lærði hann nótnalestur og á fiölu hjá Josef Felzmann, á gítar hjá Sigurði Briem og tónfræði hjá Jóni Þórarinssyni. Gunnar nam einnig hjá Victor Urbancic. Síðar var Gunnar í fiölnámi hjá Birni Ólafssyni. Gunnar snéri sér síðar mest að gítarleik sem hann vann lengst af við sem kennari og tónlistarmaður. Gunnar var fjölhæfur, lék á fjölda hljóðfæra, mest á strengja- og blásturshljóðfæri. Hann starfaði meðal annars í Þjóðleikhúsinu, lúðrasveitum og ótal tónlistarhópum. Gunnar kenndi lengi við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Hann átti ríkan þátt í stofnun og þróun skólans sem stofnaður var 1964 og hafði hann lengst af flesta nemendur. Margir nemenda Gunnars hafa náð langt í gítarleik og átt glæstan feril. Gunnar fluttist til Akureyrar árið 1980 og kenndi við Tónlistarskóla Akureyrar. Síðustu tíu árin kenndi hann við Tónlistarskóla Eyjafjarðar.

Útför Gunnars verður gerð frá Akureyrarkirkju í dag, 24. ágúst 2016, klukkan 13.30.

kynna. Nokkur gleðskapur var og heldur fámennur, vestast í Vesturbænum. Síðan er liðinn nær hálfur fimmti áratugur. Nema hvað, það vantaði tónlist. Húsmóðirin á heimilinu bauðst þá til að hringja í frænda sinn og fá hann til að spila á gítar. Hann bjó á Skólavörðuholti. Eftir drykkjanga stund kemur gítaristinn en gítarlaus. Hann lét lítið fyrir sér fara en sat nokkra stund þarna í stofunni uns hann lét sig hverfa, jafn hljóðlega og hann hafði komið.

Ekki leið þó á löngu þar til gítaristinn var mættur aftur og nú með gítarinn í farteskunni. Og upphöfust tónleikar sem gera venjulega fegurð að hversdagslegu fyrirbæri.

Nokkru síðar spurði ég Gunnar hvers vegna hann hefði gengið alla þessa leið, gítarlaus og svo aftur fram og til baka til að ná í hljóðfærið. Gunnar brosti sínu breiðasta og sagði helst vilja kasta máli á „publikumið“ áður en hann tæki ákvörðun um hvort fyrir það væri spilið. Er þetta ekki alvara lífsins í gamansömu ljósi?

Gítarkennsla varð ævistarf Gunnars. Þó þykir mér ekki sennilegt að hann hafi verið kennari í venjulegri merkingu þess orðs, heldur boðberi. Þar á milli er svona svipaður munur, eins og á pokapresti og Jóhannesi skírara.

Ég læt öðrum eftir að fjalla um þátt Gunnars í þróun klassískrar gítartónlistar hér á landi. Sú virðing, sem nemendur hans ýmsir hafa sýnt honum í gegnum tíðina, er nægur vitnisburður í þeim efnum. Aftur á móti langar mig til að ljóstra því upp að hann spilaði á trompet og saxafón, sér til heilsubótar; trompetinn notaði hann til að styrkja hjartað en saxafóninn þandi hann ef honum þótti eitt-hvað skorta á blóðrennsli til heilans. Og fékk sér vindil í kaupbæti.

Nei, sá var ekki háttur Gunnars að fara trúðnar slóðir. Í þeim efnum átti hann ekkert val. Hann var nefnilega ekki galdramaður eins og svo margir

frændur hans norður á Ströndum, fyrr og síðar. Þar í móti var hann lifandi galdur. Og það var hvítur galdur sem ómaði af villtum tónum og ljúfum í þessu undarlega samhengi sem unun var að skynja en tilgangslaus að reyna að skilja.

Pjetur Hafstein Lárusson.

Gunnar H. Jónsson var óvenjulegur maður og batt ekki bagga sína sömu hnútum og samferðamenn hans, þó voru baggarnir oft miklu betur bundnir en okkur hin óraði fyrir. Setningin „viturt hjarta“ leitar á mig þegar ég með fát kveð þennan vin og samstarfsmann í lífi og tónlist til margra ára.

Hann átti ótrúlegt lífsstarf að baki; þegar hann réði sig sem gítarkennara að Tónlistarskólunum á Akureyri haustið 1980 hafði gítarkennsla hans í Reykjavík þegar skipað honum sess meðal þeirra trúboða gítarsins sem höfðu eignast fleiri lærisveina á það hljóðfæri en aðrir.

Lærisveina sem boðuðu áfram fagnaðararindi gítarsins og lögðu rækt við að verða meistarar og skipuðu sér margir í röð landsins bestu gítarleikara. Gítarinn var þó ekki einasta hljóðfæri Gunnars H. Fyrst kom fiölan, sem hann lagði löngum stund á, að ótöldum þeim hljóðfærum sem hann lék á sem áhugamaður og kenndi. Hann hljóp oft í skarðið eða svaraði stað- og tímabundinni þyr fyrir leik á hljóðfæri af ýmsu tagi. Þannig lék hann á kontrabassa í hljómsveit skólans og víðar, harmonikkun og harmóníum fengu sinn stað, sömuleiðis var leikur á saxafón á dagskrá og eitt sumarið æfði hann sig á óbó til að leiðbeina nemendum, sem ekki varð þó af. Þessi ómetanlegi vilji Gunnars að laga sig að aðstæðum og þörfum samfélags síns var aðaunarverður, þetta var hluti af lífssýn Gunnars, sem jafnvel birtist í nálgun þeirrar austrænu speki að vera frekar eins og grasið sem beygir sig án þess að brotna í hvassviðri meðan eikin harða brotnar í storminum.

Hann var ótrúlega flinkur að ná tókum á nýrri tækni, t.d. netmiðlum og tölvu. Á sama tíma grúskaði hann í margs konar lífsspeki og andans auðlegð. Gunnar lærði tvímælalaust að telja daga sína og öðlaðist í lífi sínu viturt hjarta.

Viti hjarta hans og hlýju fengum við vinir hans að kynnst í ríku mæli. Hlýju sem hugur okkar kallar vonandi fram í hvert sinn sem nafns þess góða manns er getið. Ljósíð skín þegar af minningu hans í okkar huga og fyrir þá birtu verðum við ætíð þakklát. Með innilegri samúðarkveðju til ættingja, vina og vandamanna Gunnars H. Kveðjunni fylgja einnig innilegar þakkar og samúðarkveðjur fyrirverandi samstarfsfólks hans við Tónlistarskólann á Akureyri.

Fyrirverandi skólastjóri og fyrirverandi ritari Tónlistarskólans á Akureyri,

Jón Hlöðver Áskelsson og Sæbjörg Jónsdóttir.

● Fleiri minningargreinar um Gunnar Hjálmar Jónsson birtar í blaðinu næstu daga.



Ísleifur Jónsson Steinunn Magnúsdóttir

Útfararstjóri
Farsími 821 5353



Útfararþjónusta
Farsími 861 3441



Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353

www.usr.is

isleifur@usr.is

Þjónusta allan sólarhringinn



Áratuga reynsla við útfararþjónustu